

SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN

YFIRLIT YFIR STARFSEMINA ÁRIÐ 2004

Inngangur

Markmið Sjúkraflutningaskólans er að mennta einstaklinga til starfa sem sjúkraflutningamenn auk þess að hafa umsjón með framhalds- og símenntun fyrir sjúkraflutningamenn og aðra þá er tengjast sjúkraflutningum. Við skólann starfar skólastjóri í 70% starfi, læknisfræðilegur forsvarsmaður m.t.t. menntunar í hlutastafi auk fjölda leiðbeinenda (verktakar) sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, hjúkrunarfræðingar og læknar.

Á árinu 2004 voru haldin 33 námskeið þar sem heildarfjöldi þátttakenda var samtals 537 einstaklingar. Á haustdögum 2004 fór skólastjóri í námsleyfi og var staðgengill fenginn í hans stað. Auk þess sem umsjónarkennarar voru gerðir ábyrgir fyrir hverju námskeiði.

Fyrirkomulag skólastarfs


Skólastarfið árið 2004 var viðamikil og fjölbreytt. Námskeiðin fóru fram á öllu landinu, ýmist í heimabyggð sjúkraflutningamanna eða með því að nota myndfundabúnað milli tveggja eða fleiri kennslustaða. Fyrirkomulag námskeiðanna endurspeglar stefnu skólans að flytja menntunina sem næst nemandanum og reyna eftir fremsta megni að halda þau í heimabyggð hans eða því sem næst. Slíkt fyrirkomulag hentar vel og tryggir frekar þátttöku sjúkraflutningamanna í framhalds- og símenntun. Aðal kennslumiðstöðvarnar eru tvær þ.e. á Akureyri (FSA og Slökkvilið Akureyrar (SA)) og í Reykjavík (húsnæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) að Tunguhálsi) og eins og fram kom í ársskýrslu fyrir árið 2003 eru myndfundabúnaðir staðsettir á báðum stöðum og nýttir til námskeiðshalda og funda fagraðs og stjórnar. **Myndrit 1** sýnir fjölda og staðsetningu námskeiðanna á árinu 2004 og í hve mörgum tilvikum myndfundabúnaður var notaður.

Vefur sjúkraflutningaskólans (<http://www.ems.nett.is>), sem er aðgengilegur af vef FSA, er mikilvægur að því leyti að koma upplýsingum og kennslugögnum til

nemenda og leiðbeinanda sem er einn liðurinn í að gera námið aðgengilegra öllum, hvar sem þeir búa á landinu.

Formleg útskrift nemenda af grunn- og neyðarflutninganámskeiði fór fram á FSA 21. maí 2004 þar sem samtals 69 nemendur voru útskrifaðir, þ.e. 48 nemendur sem luku grunnnámskeiði og 21 nemandi sem lauk neyðarflutninganámskeiði.

Myndir 1: Staðsetning námskeiða



Námskeið

Eins og fram hefur komið voru haldin 33 námskeið á árinu 2004 með samtals 537 þátttakendum. Um var að ræða eftirfarandi námskeið:


- **Grunnnámskeið í sjúkraflutningum** (EMT-B) sem er 128 klukkustunda námskeið þar sem kennd eru helstu atriði sjúkraflutninga. Ljúki viðkomandi námskeiðinu með því að standast verkleg og skrifleg próf getur það leitt til löggildingar sem sjúkraflutningamaður. **Þrjú** slík námskeið voru haldin vorið 2003 og luku sextíu og tveir þátttakendur prófum á þeim námskeiðum. Á árinu 2004 var í fyrsta skipti boðið upp á að hafa eitt grunnnámskeið í formi kvöld- og helgarnámskeiðs í stað hefðbundins dagsnámskeiðs. Það námskeið var sniðið að þörfum hlutastarfandi sjúkraflutningamanna sem bjuggu í minni bæjarfélögum utan Akureyrar og Reykjavíkur. Í þessu námskeiði tóku þátt sex námskeiðsstaðir með samtals 29 nemendum og notaður var myndfundabúnaður til að varpa fyrirlestrum til kennslustaða (Búðardalur, Djúpvogur, Hvammstangi, Vestmannaeyjar, Vík og Tunguháls). Leiðbeinendur fóru síðan í þremur

helgarlotum á hvern námskeiðsstað og sáu þar um verklega hlutann. Þetta fyrirkomulag kom vel út.


- **Neyðarflutninganámskeið** (EMT-I), sem er framhaldsnámskeið fyrir sjúkraflutningamenn með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu var haldið haustið 2004 og voru þátttakendur 13, þar af voru 5 staðsettir á Akureyri og 8 í Reykjavík. Námskeiðið er viðamikilið og felst í bóklegri og verklegri kennslu ásamt starfsþjálfun á neyðarbíl SHS og á bráðadeildum Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) eða FSA. Námskeiðið tekur 317 klukkustundir.
- Haldin voru **11 endurmenntunarnámskeið fyrir almenna sjúkraflutningamenn** og tók hvert námskeið 8-16 klukkustundir. Endurmenntunarnámskeiðin voru að mestu leyti haldin í heimabyggð sjúkraflutningamanna.
- **Sex endurmenntunarnámskeið voru haldin fyrir neyðarflutningamenn** og tók hvert námskeið 8 klukkustundir.
- **Tvö 8 klukkustunda námskeið varðandi notkun á hálfsvirkum stuðtækjum (AED)** voru haldin fyrir sjúkraflutningamenn.
- Námskeiðið, **“Björgun úr bílflökum – aðkoma heilbrigðisstarfsmanna”** sem er nýtt námskeið á vegum skólans, var haldið fyrir tvo hópa og hlaut það mjög góðar viðtökur. Námskeiðið, sem er 12 klukkustunda langt miðar að því að meta ástand hins slasaða í bílflaki og veita viðeigandi meðhöndlun.
- Haldin voru **sex námskeið í sérhæfðri endurlífgun (ACLS)** víðsvegar um landið og voru þátttakendur aðallega lækningar og hjúkrunarfræðingar. Þess má geta að eitt ACLS námskeið var haldið í myndfundabúnaði fyrir hjúkrunarfræðinga sem voru í diploma námi í bráðahjúkrun við HÍ og var Sjúkraflutningaskólinn fenginn til að skipuleggja þetta skyldunámskeið fyrir hópinn. Hvert ACLS námskeið var 16 klukkustundir og lauk því með prófi.
- Námskeið í **meðhöndlun og flutningi slasaðra (BTLS)** var haldið fyrir ofangreindan hóp hjúkrunafræðinga í diploma námi og af sömu ástæðu eins og fyrr greinir. Námskeiðið tók 16 klukkustundir og lauk með prófi. Afbrigði af BTLS námskeiði með ACLS ívafi var svo haldið fyrir starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á Húsavík og tók það námskeið einnig 16 klukkustundir.

Flestir þátttakenda á ofangreindum námskeiðum voru sjúkraflutningamenn en einnig tóku þátt hjúkrunarfræðingar og læknar (sjá myndrit 2, 3 og 4).


Myndrit 2: Tegundir og fjöldi námskeiða



Myndrit 3: Fjöldi þátttakenda á námskeiðum



Myndrit 4: þátttaka eftir starfsviði



Stefnumótunarvinna / Ráðstefnur

Tekin var ákvörðun um að vinna þyrfti að stefnumótun fyrir skólann, þ.e. að móta skýra framtíðarsýn og markmið fyrir skólann. Til að hefja þetta verk var fenginn nemandi úr Rekstrardeild Háskólans á Akureyri (HA) til að vinna að stefnumótuninni og var það verkefni hluti af B.Sc. námi viðkomandi.

Skólastjóri og umsjónarmaður ACLS námskeiðanna sóttu ráðstefnu um endurlífgun (*Resuscitation 7th Scientific Congress of the European Resuscitation Council*) í Búdapest í Ungverjalandi 9. – 11. september 2004.

Lokaorð

Sjúkraflutningaskólinn er rekinn sem sjálfbær eining innan FSA og hefur eigin stjórn en í henni sitja fulltrúar frá FSA, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, HA og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Stjórninni til ráðgjafar er fagráð með fulltrúa frá ofangreindum aðilum auk fulltrúa frá SA, SHS og Rauða krossi Íslands. Töluverð vinna hefur verið á árinu 2004 varðandi frekari þróun og uppbyggingu Sjúkraflutningaskólans. Fagráðið hefur verið mjög virkt og afkastað miklu. Heildarfjöldi sjúkraflutningamanna í landinu eru í kringum 400 manns og samkvæmt því sem fram hefur komið eru umsvif töluverð í ljósi þeirrar grunn-, framhalds- og símenntunar sem ætlast er til að sjúkraflutningamenn sækja svo og aðrir þeir sem að sjúkraflutningum koma.